

Hann vill líka láta ykkur finna til þess, að þið hafið annað að gera en að leika ykkur úti. Þið hafið verk að vinna inni. Þið eigið að *læra*. Þið þurfið þess, ef þið eigið að verða duglegir karlmenn og duglegar konur. Þið eigið að ganga í skóla og læra lexíurnar ykkar. *Læra þar vel*. Ekki vera löt við að læra. Leggja hart á ykkur með að læra og hugsa um það, sem þið lærið, svo það verði að holdi og blóði og merg í ykkur. Annars hafið þið ekkert gagn af því, sem þið lærið. Fyrir það, sem þið lærið, þurfið þið að verða meiri menn og betri. Vetur hjálpar náttúrunni til þess að safna kröftum. Hann á líka að hjálpa ykkur til þess að safna kröftum, svo þið verðið meiri og betri. *Guð vill það* — hann, sem gefur vetur, sumar, vor og haust.

—o—

### NÚLLIN OG TALAN EINN.

(Þýtt.)

Ungur maður, sem fyrir skömmu hafði trúlofast, vildi sjálfur flytja öldrudum vini sínum gleðitíðindin. Vinur hans þessi var kennari og alvarlega kristinn maður. Líka var hann maður fámálugur. „Ungi vinur minn!“—segir hann, þegar hann heyrir tíðindin—, „mér þykir mjög vænt um þessa frétt, því eg vona, að unnusta þín hafi þá kosti til að bera, sem geri sambúð ykkar farsæla.“

„Enginn minsti vafi á því! Hún er af bestu ættum“—svaraði ungi maðurinn með ákefð.

Gamli kennarinn stendur þegjandi á fætur, fer að töflu, sem hékk á veggnum í lestrarstofunni hans, tekur kítarmola og skrifar *eitt núll* á töfluna þarna fyrir augunum á nýtrúlofaða Manninum, sem verður forviða.

„Hún er rík“—flýtir hann sér að segja.

Kennarinn bætir þegjandi við *öðru núlli*.

„Hún er fríð!“—„Eftir því ooo.“

„Hún er ein erfingi að miklum auð!“ — „Eftir því oooo.“

„Hún er greind!“ — „Eftir því ooooo.“

„Viðmót hennar er töfrandi!“ — „Eftir því oooooo.“

„Æ! eg gleymdi að segja þér, að hún er góð og guðhrædd stúlka.“

„Því sagðirðu mér það ekki undir eins?“—segir nú gamli maðurinn, og kemur annar svipur á hann. Hress í huga skrifar hann nú töluna I fallega fyrir framan núllin sex—1000000— um leið og hann segir: „Án guðhræðslu hefðu allir kostirnir, sem þú taldir upp, ekki getað orðið þér til sannrar gæfu. En